**24**
27. febr.

# Áætlun
## um V.—VIII. ferð landpóstanna 1884.

| | Póstleiðir. | Póststöðvar. | 5. ferð. | 6. ferð. | 7. ferð. | 8. ferð. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| I. Vestanpóstur. | Milli Ísafjarðar og Reykjavíkur. | *Ísafjörður* | 21. apríl | 7. júní | 14. júlí | 18. ágúst |
| | | Vatnsfjörður | 22. — | 8. — | 15. — | 19. — |
| | | *Bær* | 23. — | 9. — | 16. — | 20. — |
| | | Máskelda | 24. — | 10. — | 17. — | 21. — |
| | 1. *Frá Ísafirði.* | *Hjarðarholt* | 25. — | 11. — | 18. — | 22. — |
| | | *Árnarholt* | 26. — | 12. — | 19. — | 24. — |
| | | Hestur | 27. — | 13. — | 20. — | 24. — |
| | | Saurbær | 28. — | 14. — | 21. — | 25. — |
| | | Mosfell | 28. — | 14. — | 21. — | 25. — |
| | | *Reykjavík* | 7. maí | 28. júní | 4. ágúst | 5. sept. |
| | | Mosfell | 7. — | 28. — | 4. — | 5. — |
| | | Saurbær | 8. — | 29. — | 5. — | 6. — |
| | 2. *Frá Reykjavík.* | Hestur | 8. — | 29. — | 5. — | 6. — |
| | | *Árnarholt* | 9. — | 30. — | 6. — | 7. — |
| | | *Hjarðarholt* | 10. — | 1. júlí | 7. — | 8. — |
| | | Máskelda | 12. — | 2. — | 8. — | 9. — |
| | | *Bær* | 13. — | 3. — | 9. — | 10. — |
| | | Vatnsfjörður | 14. — | 4. — | 10. — | 11. — |
| II. Norðanpóstur. | Milli Akureyrar og Reykjavíkur. | *Akureyri* | 21. apríl | 7. júní | 14. júlí | 18. ág. |
| | | Möðruvellir | 21. — | 7. — | 14. — | 18. — |
| | | Steinsstaðir | 22. — | 8. — | 15. — | 19. — |
| | | *Miklibær* | 23. — | 9. — | 16. — | 20. — |
| | | Víðimýri | 23. — | 9. — | 16. — | 20. — |
| | | Botnastaðir | 23. — | 9. — | 16. — | 20. — |
| | | Reykir | 24. — | 10. — | 17. — | 21. — |
| | 1. *Frá Akureyri.* | *Sveinsstaðir* | 25. — | 11. — | 18. — | 22. — |
| | | Lækjamót | 25. — | 11. — | 18. — | 22. — |
| | | Staðarbakki | 26. — | 12. — | 19. — | 23. — |
| | | *Staður* | 27. — | 13. — | 20. — | 24. — |
| | | *Árnarholt* | 29. — | 15. — | 22. — | 26. — |
| | | Hestur | 29. — | 15. — | 22. — | 26. — |
| | | Saurbær | 30. — | 16. — | 23. — | 27. — |
| | | Mosfell | 30. — | 16. — | 23. — | 27. — |
| | | *Reykjavík* | 7. maí | 28. júní | 2. ág. | 4. sept. |
| | | Mosfell | 7. — | 28. — | 2. — | 4. — |
| | | Saurbær | 8. — | 29. — | 3. — | 5. — |
| | | Hestur | 8. — | 29. — | 3. — | 5. — |
| | | *Árnarholt* | 9. — | 30. — | 4. — | 6. — |
| | | *Staður* | 11. — | 1. júlí | 5. — | 7. — |
| | | Staðarbakki | 11. — | 2. — | 6. — | 8. — |
| | 2. *Frá Reykjavík.* | Lækjamót | 12. — | 2. — | 6. — | 8. — |
| | | *Sveinsstaðir* | 12. — | 3. — | 7. — | 9. — |
| | | Reykir | 13. — | 3. — | 7. — | 9. — |
| | | Botnastaðir | 13. — | 4. — | 8. — | 10. — |
| | | Víðimýri | 13. — | 4. — | 8. — | 10. — |
| | | *Miklibær* | 14. — | 5. — | 9. — | 11. — |
| | | Steinstaðir | 15. — | 6. — | 10. — | 12. — |
| | | Möðruvellir | 15. — | 6. — | 10. — | 12. — |

29. d. febrm. 1884.

Reykjavík, 1884. Einar Þórðarson.

**24**
27. febr.

| | Póstleiðir. | Póststöðvar. | 5. ferð. | 6. ferð. | 7. ferð. | 8. ferð. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| III. Seyðisfjarðarpóstur. | **Milli Akureyrar og Seyðisfjarðar.** | *Akureyri* | 20. apr. | 6. júní | 10. júlí | 15. ág. |
| | | Ljósavatn | 20. — | 6. — | 10. — | 15. — |
| | | *Grenjaðarstaður* | 21. — | 7. — | 11. — | 16. — |
| | | Reykjahlíð | 22. — | 8. — | 12. — | 17. — |
| | 1. *Frá Akureyri.* | Grímsstaðir | 23. — | 9. — | 13. — | 18. — |
| | | Skjöldólfsstaðir | 24. — | 10. — | 14. — | 19. — |
| | | *Höfði* | 25. — | 11. — | 15. — | 20. — |
| | | *Seyðisfjörður* | 7. maí | 20. júní | 24. júlí | 1. sept. |
| | | *Höfði* | 8. — | 21. — | 25. — | 2. — |
| | 2. *Frá Seyðisfirði* | Skjöldólfsstaðir | 9. — | 22. — | 26. — | 3. — |
| | | Grímsstaðir | 10. — | 23. — | 27. — | 4. — |
| | | Reykjahlíð | 11. — | 24. — | 28. — | 5. — |
| | | *Grenjaðarstaður* | 12. — | 25. — | 29. — | 6. — |
| | | Ljósavatn | 13. — | 26. — | 30. — | 7. — |
| IV. Austanpóstur. | **Milli Prestsbakka og Reykjavíkur.** | *Reykjavík* | 8. maí | 20. júní | 2. ág. | 2. sept. |
| | | *Hraungerði* | 9. — | 21. — | 3. — | 3. — |
| | | Ás | 9. — | 22. — | 4. — | 4. — |
| | | *Breiðabólsstaður* | 10. — | 23. — | 5. — | 5. — |
| | 1. *Frá Reykjavík.* | Holt | 11. — | 24. — | 6. — | 6. — |
| | | Vík | 12. — | 25. — | 7. — | 7. — |
| | | Mýrar | 13. — | 26. — | 8. — | 8. — |
| | | *Prestsbakki* | 20. maí | 2. júlí | 15. ág. | 12. sept. |
| | | Mýrar | 21. — | 3. — | 16. — | 13. — |
| | 2. *Frá Prestsbakka.* | Vík | 22. — | 4. — | 17. — | 14. — |
| | | Holt | 23. — | 5. — | 18. — | 15. — |
| | | *Breiðabólsstaður* | 24. — | 6. — | 19. — | 16. — |
| | | Ás | 24. — | 7. — | 20. — | 17. — |
| | | *Hraungerði* | 25. — | 8. — | 21. — | 18. — |
| V. Eskifjarðarpóstur. | **Milli Prestsbakka og Eskifjarðar.** | *Prestsbakki* | 16. apr. | 3. júní | 7. júlí | 12. ág. |
| | | Sandfell | 18. — | 5. — | 9. — | 14. — |
| | | Kálfafellsstaður | 20. — | 7. — | 11. — | 16. — |
| | | *Bjarnanes* | 21. — | 8. — | 12. — | 17. — |
| | 1. *Frá Prestsbakka.* | Stafafell | 21. — | 8. — | 12. — | 17. — |
| | | *Djúpivogur* | 23. — | 9. — | 13. — | 18. — |
| | | Höskuldsstaðir | 24. — | 10. — | 14. — | 19. — |
| | | Arnhólsstaðir | 24. — | 10. — | 14. — | 19. — |
| | | *Höfði* | 25. — | 11. — | 15. — | 20. — |
| | | *Eskifjörður* | 7. maí | 20. júní | 24. júlí | 1. sept. |
| | | *Höfði* | 8. — | 21. — | 25. — | 2. — |
| | 2. *Frá Eskifirði.* | Arnhólsstaðir | 9. — | 22. — | 26. — | 3. — |
| | | Höskuldsstaðir | 9. — | 22. — | 26. — | 3. — |
| | | *Djúpivogur* | 10. — | 23. — | 27. — | 4. — |
| | | Stafafell | 12. — | 25. — | 28. — | 5. — |
| | | *Bjarnanes* | 12. — | 25. — | 28. — | 5. — |
| | | Kálfafellsstaður | 14. — | 27. — | 30. — | 7. — |
| | | Sandfell | 15. — | 28. — | 31. — | 8. — |

24 27. febr.

a. Burtfarardagar póstanna frá endapóststöðvunum: Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði, Eskifirði og Prestsbakka eru fastákveðnir við þá daga, er nefndir eru í ferðaáætluninni, þannig að ekki sje lengur tekið við böggul- og peningasendingum en til kl. 7 kveldið næsta á undan. Við millistöðvar eru tilteknir þeir dagar, er póstarnir mega leggja á stað þaðan í fyrsta lagi, og ber að afgreiða póstinn þann dag, eða svo fljótt, sem unnt er, eptir þann dag.

b. Hvorugur aðalpóstanna (Eskifjarðarpóstur og Seyðisfjarðarpóstur) má fara frá Höfða í Vallahreppi fyrri en þeir eru báðir komnir til þessarar póststöðvar.

Þessir eru aukapóstar:

1. GULLBRINGUSÝSLUPÓSTURINN, milli Reykjavíkur og Keflavíkur, leggur á stað frá Reykjavík daginn eptir komu aðalpóstanna, fer um Hafnarfjörð og Kálfatjörn til Keflavíkur, dvelur sólarhring þar, og snýr þá aptur sömu leið til Reykjavíkur.

2. STYKKISHÓLMSPÓSTURINN, milli Arnarholts og Stykkishólms, kemur við á Rauðkollsstöðum og Staðarhrauni, fer á stað frá Stykkishólmi snemma morguns þessa daga:
23. apríl. 9. júní. 17. júlí. 20. ágúst;
snýr aptur frá Arnarholti sömu leið daginn eptir komu vestanpóstsins þangað frá Reykjavík.

Daginn eptir að póstur þessi er kominn frá Arnarholti að Rauðkollsstöðum fer aukapóstur þaðan um Staðastað og Búðir til Ólafsvíkur og snýr aptur eptir sólarhringsdvöl þar, sömu leið að Rauðkollsstöðum.

3. DALASÝSLUPÓSTUR, milli Staðar í Hrútafirði og Stykkishólms, fer frá Stað í Hrútafirði í síðasta lagi á 3. degi eptir að norðanpósturinn er kominn þangað frá Akureyri, fer um Hjarðarholt í Dölum og Breiðabólstað á Skógarströnd til Stykkishólms, og eptir þriggja daga dvöl þar snýr hann aptur sömu leið að Stað í Hrútafirði.

4. BARÐASTRANDARSÝSLUPÓSTUR fer frá Bæ í Reykhólasveit morguninn eptir að vestanpóstur er þangað kominn frá Reykjavík, fer um Brjámslæk og Bíldudal að Vatneyri og snýr aptur þaðan eptir sólarhringsbið um Brjámslæk að Bæ.

5. STRANDASÝSLUPÓSTUR fer frá Stað í Hrútafirði daginn eptir komu norðanpóstsins þangað frá Reykjavík, fer um Borðeyri, Prestsbakka og Hrófbergi Steingrímsfirði að Kúvíkum við Reykjarfjörð og snýr þaðan aptur eptir sólarhringsdvöl sömu leið að Stað.

6. ÍSAFJARÐARSÝSLUPÓSTUR fer frá Ísafirði daginn eptir komu vestanpóstsins þangað, um Holt í Önundarfirði að Þingeyri við Dýrafjörð og snýr þaðan aptur eptir 12 tíma dvöl sömu leið til Ísafjarðar.

7. SKAGASTRANDARPÓSTUR fer frá Sveinsstöðum daginn eptir komu norðanpóstsins þangað frá Reykjavík, fer um Blönduós til Skagastrandar verzlunarstaðar, og snýr þaðan aptur eptir sólarhringsdvöl sömu leið að Sveinsstöðum.

8. SKAGAFJARÐARPÓSTUR, milli Miklabæjar og Siglufjarðar, fer frá Miklabæ daginn eptir komu norðanpóstsins þangað frá Reykjavík, fer um Sauðárkrók og Hofsós til Siglufjarðar, og snýr þaðan aptur eptir sólarhringsdvöl.

9. EYJAFJARÐARSÝSLUPÓSTUR fer frá Akureyri daginn eptir komu norðanpóstsins þangað frá Reykjavík, að Tjörn í Svarfaðardal og snýr aptur eptir sólarhringsdvöl þar.

10. ÞINGEYJARSÝSLUPÓSTUR, milli Grenjaðarstaðar og Vopnafjarðar, fer frá Grenjaðarstað undir eins eptir að Seyðisfjarðarpósturinn er kominn þangað frá Akureyri; fer um Húsavík, Skinnastaði, Presthóla, Raufarhöfn, Svalbarð í Þistilfirði og Sauðanes til Vopnafjarðar; snýr þaðan aptur sömu leið eptir sólarhringsdvöl; þó bíður hann Múlasýslupósts.

11. MÚLASÝSLUPÓSTUR fer frá Höfða í Vallahreppi undir eins og aðalpóstarnir (Seyðisfjarðarpóstur og Eskifjarðarpóstur) eru báðir komnir frá Akureyri og Prestsbakka til þessarar póst-

24
27. febr.
stöðvar; fer um Hrafnabjörg til Vopnafjarðar og snýr aptur þaðan eptir sólarhringsdvöl sömu leið að Höfða.

12. ÁRNESSÝSLUPÓSTUR fer frá Hraungerði eptir komu austanpóstsins þangað frá Reykjavík, um Ólafsvelli að Reykjum á Skeiðum, og snýr þegar aptur að Hraungerði daginn eptir.

13. VESTMANNAEYJAPÓSTUR fer frá Breiðabólstað að Krossi daginn eptir komu austanpóstsins frá Reykjavík, og snýr þegar aptur að Breiðabólstað. Þegar pósttaskan kemur frá Vestmannaeyjum að Krossi, skal henni komið svo snemma að Breiðabólstað, að hún komist á austanpóstinn á leið hans til Reykjavíkur.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 27. febr. 1884.

**Bergur Thorberg**
settur.

**Jón Jensson**
settur.

25
2. febr.
**Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um að Húnavatnssýslu skuli fengin í hendur umráð yfir búnaðarskólagjaldinu þar.** — Í tilefni af þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, frá 9. f. m., viðvíkjandi útborgun tiltölulegs hluta af búnaðarskólasjóði norður- og austuramtsins til Húnavatns- og Eyjafjarðarsýslna, samþykki jeg hjermeð, að Húnavatnssýslu verði útborgaður sinn hluti úr nefndum sjóði, og fengin í hendur umráð yfir búnaðarskólagjaldi sínu eptirleiðis, þegar sýslunefndin þar, eptir að hafa tekið skýlausa ályktun um að ganga í samband við Skagafjarðarsýslu um búnaðarskóla, æskir þess, en hvað Eyjafjarðarsýslu snertir, þá vil jeg ekki að sinni samþykkja, að hún fái sinn hluta af nefndu fje til umráða, með því að jeg verð að vera sömu skoðunar og amtsráðið um það, að heppilegra sje, að hún gangi í samband við Þingeyjarsýslu um búnaðarskóla heldur en við Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur, og ekki er enn útsjeð um, nema það geti orðið.

26
16. febr.
**Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna* **um nýtt upplag af sálmabókinni.** — Í tilefni af erindi prentsmiðjueiganda E. Þórðarsonar, er fylgdi þóknanlegu brjefi hinna heiðruðu stiptsyfirvalda frá í dag viðvíkjandi nýrri útgáfu af sálmabókinni, er yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir E. Þórðarsyni, að jeg fellst á, að honum verði veitt leyfi til að gefa út af nýju 1400[1] exemplara upplag af nefndri bók, gegn því, að hann greiði fyrir leyfi þetta 100 kr. í landssjóð innan loka þessa árs, að upplagið verði fullprentað innan júlímánaðarloka þ. á., að hvert exemplar bókarinnar ekki verði selt dýrara en 1 kr. 25 a. og að bókin verði engu síður úr garði gjörð, en síðasta útgáfa hennar.

---

1) Með brjefi landshöfðingja 19. febr. 1884 var þó leyft að upplagið mætti vera 2000.